ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. Þ 2878/1183
komudagur 20. 2. 2003

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 2003

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar framvarp til laga um Orkustofnun, mál 544.

Markmiðið með frumvarpinu er að skilgreina hlutverk og skyldur Orkustofnunar. Lagt er til að Orkustofnun hafi það hlutverk að veita stjórnvöldum ráðgjöf og ráðstafa opinberu fé til rannsókna. Önnur verkefni sem nú snúa að framkvæmd rannsókna flytjast í sérstaka stofnun , Íslenskar orkurannsóknir, samkvæmt sérstöku frumvarpi sem flutt er samhliða þessu frumvarpi. Ástæða aðskilnaðarins er að hætta er á að hagsmunaárekstrar verði þar sem starfsmenn sömu stofnunar kunna að bera ábygð á rannsóknum og ráðgjöf fyrir verkaupa annars vegar og stjórnsýslu og leyfisveitingum fyrir sama aðila eða samkeppnisaðila hins vegar.

Alþýðusamband Íslands gera að svo komnu máli engar athugasemdir við frumvarpið, enda er gert ráð fyrir að kostnaður við aðskilnaðin verðir óverulegur og því ætti hann ekki að hafa áhrif á hag neytendar.

Virðingarfyllst,

Ingunn S. Þorsteinsdóttir,
Hagdeild

Sætún 1
105 Reykjavík
Sími: 53 55 600
Fax: 53 55 601
Netfang: asi@asi.is
www.asi.is
Kennitala: 420169-6209